

AUGLÝSING

um samning um undanþágu frá vegabréfsáritun fyrir handhafa diplómatiskra vegabréfa og þjónustuvegabréfa við Indland.

Hinn 10. september 2019 var á Bessastöðum gerður samningur milli ríkisstjórnar Lýðveldisins Íslands og ríkisstjórnar Lýðveldisins Indlands um undanþágu frá vegabréfsáritun fyrir handhafa diplómatiskra vegabréfa og þjónustuvegabréfa.

Samningurinn öðlaðist gildi 1. október 2020 og er birtur sem fylgiskjal með auglýsingu þessari. Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytinu, 23. september 2021.

Guðlaugur Þór Þórðarson.

Martin Eyjólfsson.

Fylgiskjal.

SAMNINGUR
MILLI
RÍKISSTJÓRNAR ÍSLANDS
OG
RÍKISSTJÓRNAR LÝÐVELDISINS INDLANDS
UM UNÐANÞÁGU FRÁ VEGABRÉFSÁRITUN FYRIR HANDHAFA
DIPLÓMATÍSKRA VEGABRÉFA OG ÞJÓNUSTUVEGABRÉFA

Ríkisstjórn Íslands

og

ríkisstjórn Lýðveldisins Indlands

hér á eftir nefndar hvor um sig „samningsaðili“ og saman „samningsaðilar“,

MEÐ ÞAÐ Í HUGA að efla enn frekar vinsamleg samskipti og náin tengsl milli samningsaðilanna,

SEM VILJA greiða fyrir komu ríkisborgara Lýðveldisins Indlands og ríkisborgara Íslands, sem eru handhafar diplómátískra vegabréfa og þjónustuvegabréfa, til lands hvorrar um sig,

SEM HAFA Í HUGA hin nánú tengsl milli Íslands og Evrópusambandsins, einkum í krafti samningsins frá 18. maí 1999 sem ráð Evrópusambandsins og Lýðveldið Ísland og Konungsríkið Noregur gerðu með sér um þátttöku hinna síðarnefndu í framkvæmd, beitingu og þróun Schengen-gerðanna,

MEÐ HLIÐSJÓN AF reglugerð ráðsins (EB) nr. 539/2001 frá 15. mars 2001 þar sem talin eru upp þriðju lönd þar sem ríkisborgarar verða að hafa vegabréfsáritun til að fara yfir ytri landamæri aðildarríkjanna og þriðju lönd þar sem ríkisborgararnir eru undanþegnir þeirri kvöð, og einkum 1. mgr. 4. gr. þar sem segir að aðildarríkin geti kveðið á um undanþágur frá kvöð um vegabréfsáritun fyrir handhafa diplómátískra vegabréfa og þjónustuvegabréfa,

HAFA ORÐIÐ ÁSÁTTAR UM EFTIRFARANDI:

1. gr.

Undanþága frá kvöð um vegabréfsáritun.

1. Ríkisborgara hvors samningsaðila sem er, sem er handhafi gilds diplómátíks vegabréfs eða þjónustuvegabréfs, skal heimil koma til, brottför frá og gegnumferð um yfirráðasvæði hins samningsaðilans um alþjóðlegar komu-/brottfararstöðvar hans án vegabréfsáritunar.
2. Íslenskum ríkisborgara, sem er handhafi gilds diplómátíks vegabréfs eða þjónustuvegabréfs sem Ísland gefur út, er heimil dvöl á yfirráðasvæði Lýðveldisins Indlands í 90 daga að hámarki á hverju 180 daga tímabili án vegabréfsáritunar.
3. Ríkisborgara Lýðveldisins Indlands, sem er handhafi gilds diplómátíks vegabréfs eða þjónustuvegabréfs sem Lýðveldið Indland gefur út, er heimil dvöl á yfirráðasvæði Íslands í 90 daga að hámarki á hverju 180 daga tímabili án vegabréfsáritunar. Fyrir ríkisborgara Lýðveldisins Indlands felur ákvörðun um 90 daga hámarksdvöl á hverju 180 daga tímabili í sér dvöl í öðrum ríkjum sem beita Schengen-réttarreglunum að fullu.

2. gr.

Vegabréfsáritanir vegna starfa.

1. Ríkisborgara hvors samningsaðila sem er, sem er ráðinn sem stjórnarsendimaður á sendi-/ræðis-skrifstofu eða sem fulltrúi lands síns hjá alþjóðastofnun sem staðsett er á yfirráðasvæði hins samningsaðilans og er handhafi gilds diplómátíks vegabréfs eða þjónustuvegabréfs, er skylt að afla sér vegabréfsáritunar áður en hann kemur inn á yfirráðasvæði hins samningsaðilans.

2. Handhöfum diplómátskra vegabréfa eða þjónustuvegabréfa hvors samningsaðila sem er, sem starfa hjá alþjóðlegri stofnun, aðila, sérstofnun eða annarri slíkri einingu, er skylt að afla sér vegabréfsáritunar áður en þeir koma inn á yferráðasvæði hins samningsaðilans í opinberar heim-sóknir eða einkaheimsóknir.
3. Skilyrðin sem talin eru upp í 1. mgr. þessarar greinar gilda einnig um maka stjórnarsendimanns á sendi- eða ræðisskrifstofu eða fulltrúa hjá alþjóðastofnun, börn hans og foreldra á framfæri hans.

3. gr.

Synjun um komu og tapað vegabréf.

1. Hvor samningsaðili um sig áskilur sér rétt til að synja hvaða ríkisborgara hins samningsaðilans sem er, sem hann telur óæskilegan, um komu inn á yferráðasvæði sitt eða til að stytta dvöl hans þar.
2. Tapi ríkisborgari annars samningsaðilans vegabréfi sínu á yferráðasvæði hins samningsaðilans skal viðkomandi tilkynna viðeigandi yfirvöldum gistilandsins um það svo gera megi viðeigandi ráðstafanir. Viðkomandi sendiskrifstofa eða ræðisskrifstofa mun gefa út nýtt vegabréf eða ný ferðaskilríki til handa ríkisborgara sínum og tilkynna viðeigandi yfirvöldum ríkisstjórnar gisti-landsins um það.

4. gr.

Gildi staðbundinna laga/landslaga.

1. Ríkisborgarar hvors samningsaðila sem er, sem eru handhafar diplómátskra vegabréfa eða þjón-ustuvegabréfa, skulu hlíta lögum og reglum hins samningsaðilans við för yfir landamæri og meðan á dvöl þeirra stendur á yferráðasvæði hans.
2. Ekki skal líta svo á að neitt í þessum samningi hafi áhrif á þau réttindi og skyldur sem sett eru fram í Vínarsamningnum um stjórn málasamband frá 18. apríl 1961 eða Vínarsamningnum um ræðissamband frá 24. apríl 1963.

5. gr.

Gildistími vegabréfa.

Gildistími diplómátskra vegabréfa og þjónustuvegabréfa ríkisborgara hvors samningsaðila sem er skal vera a.m.k. 6 (sex) mánuðir frá komudegi inn á yferráðasvæði lands hins aðilans.

6. gr.

Ferðaskilríki.

1. Að því er þennan samning varðar skal hvor samningsaðili um sig senda hinum samningsaðilanum, eftir diplómátskum leiðum, sýnishorn af vegabréfum sínum, þ.m.t. ítarlega lýsingu á slíkum skil-rikjum sem nú eru í notkun, eigi síðar en þrjátíu (30) dögum áður en samningur þessi öðlast gildi.
2. Hvor samningsaðili um sig skal einnig senda hinum samningsaðilanum, eftir diplómátskum leiðum, sýnishorn af nýjum eða breyttum vegabréfum sínum, þ.m.t. ítarlega lýsingu á slíkum skilríkjum, eigi síðar en þrjátíu (30) dögum áður en þau taka gildi.

7. gr.

Frestun.

Hvor samningsaðili um sig áskilur sér rétt, af ástæðum er varða öryggi, allsherjarreglu eða lýð-heilsu, til þess að fresta, í heild eða að hluta, framkvæmd þessa samnings og skal frestunin öðlast gildi um leið og hinum samningsaðilanum hefur verið tilkynnt um hana eftir diplómátskum leiðum. Frestunin skal ekki hafa áhrif á réttindi ríkisborgara sem þegar eru staddir á yferráðasvæði hins samn-ingsaðilans.

8. gr.

Endurskoðun og breytingar.

Hvorum samningsaðila sem er er heimilt að fara þess skriflega á leit, eftir diplómátskum leiðum, að fram fari endurskoðun eða að gerðar verði breytingar á þessum samningi, í heild eða að hluta.

Sérhver endurskoðun eða breyting, sem samningsaðilarnir hafa samþykkt, skal öðlast gildi á þeim degi sem þeir komast að samkomulagi um og vera upp frá því hluti af þessum samningi.

9. gr.

Lausn deilumála.

Sérhvert ágreiningsmál eða deilu vegna framkvæmdar ákvæða þessa samnings skal leysa í vinnu með samráði eða samningaviðræðum milli samningsaðila án þess að vísa því til þriðja aðila eða alþjóðlegs dómstóls.

10. gr.

Gildistaka, gildistími og uppsögn.

1. Samningur þessi öðlast gildi á þrítugasta degi eftir þann dag er seinni samningsaðilinn tekur við tilkynningu frá hinum samningsaðilanum um að nauðsynlegri, lögformlegri, innlendri málsmeðferð vegna hans sé lokið.
2. Samningurinn gildir í ótiltekinn tíma og getur hvor samningsaðili sem er sagt honum upp skriflega eftir diplómáttum leiðum og skal uppsögnin þá taka gildi níutíu (90) dögum eftir dagsetningu slíkrar tilkynningar. Uppsögnin skal ekki hafa áhrif á réttindi ríkisborgara sem eru þegar staddir á yfirráðasvæði hins samningsaðilans.

ÞESSU TIL STAÐFESTU hafa undirritaðir, sem til þess hafa fullt umboð ríkisstjórna sinna, undirritað samning þennan.

GJÖRT á Bessastöðum hinn 10. september 2019 í tveimur (2) frumritum á hindí, íslensku og ensku og eru allir textar jafngildir. Ef ágreiningur rís um túlkun skal enski textinn ráða.

FYRIR HÖND RÍKISSTJÓRNAR
ÍSLANDS

Guðlagur Þór Þórðarson

FYRIR HÖND RÍKISTJÓRNAR
LÝÐVELDISINS INDLANDS

Anumula Gitesh Sarma

AGREEMENT BETWEEN
THE GOVERNMENT OF ICELAND
AND
THE GOVERNMENT OF THE REPUBLIC OF INDIA
ON EXEMPTION FROM VISA REQUIREMENT FOR HOLDERS OF DIPLOMATIC
AND OFFICIAL PASSPORTS

The Government of Iceland

and

The Government of the Republic of India

Hereafter referred to singularly as the “Contracting Party” and collectively as the “Contracting Parties”

WITH A VIEW to further strengthening the friendly relations and close ties between the Contracting Parties

DESIRING to facilitate the entry of citizens of the Republic of India and citizens of Iceland, who are holders of diplomatic and official passports into their respective countries,

CONSIDERING the close relationship between Iceland and the European Union, particularly by virtue of the Agreement concluded on 18 May 1999 by the Council of the European Union and the Republic of Iceland and the Kingdom of Norway concerning the latter’s association with the implementation, application and development of the Schengen acquis,

HAVING REGARD to the Council Regulation (EC) No. 539/2001 of 15 March 2001 listing the third countries whose nationals must be in possession of visas when crossing the external borders and those countries whose nationals are exempt from the requirement, and Article 4 (1) stating that Member States may provide for exemptions from the visa requirement for holders of diplomatic and official passports,

HAVE AGREED AS FOLLOWS:

Article 1

Visa Exemption.

1. A citizen of either Contracting Party, who is in possession of a valid diplomatic or official passport shall be permitted to enter into, exit from and transit through the territory of the other Contracting Party through their respective international points of entry/exit without visas.
2. A citizen of Iceland, holding a valid diplomatic or official passport (in Icelandic: Þjónustuvegabréf) issued by Iceland may stay in the territory of the Republic of India for a maximum period of 90 days in any period of 180 days, without a visa.
3. A citizen of the Republic of India, holding a valid diplomatic or official passport issued by the Republic of India may stay in the territory of Iceland for a maximum period of 90 days in any period of 180 days, without a visa. For citizens of the Republic of India the determination of the maximum period of 90 days in any 180-day period shall include any stay in other States applying the Schengen acquis in full.

Article 2

Visas for Assignments.

1. A Citizen of either Contracting Party, who is assigned as a member of the diplomatic or consular staff in Missions/Posts or as representative of his/her country in an international organization located in the territory of the other Contracting Party and is in possession of a valid diplomatic or official passport, shall be required to obtain a visa prior to entry into the territory of the other Contracting Party.

2. The holders of diplomatic or official passports of either Contracting Party who are employed by an international organization, body, agency or any other such entity, would be required to obtain visa prior to their entry into the territory of the other Contracting Party for official or private visits.
3. The conditions enumerated in paragraph 1 of this Article shall also apply to the spouse of a member of the diplomatic Mission or Consulate or representative in international organization, their children and their dependent parents.

Article 3

Refusal of Entry & Loss of Passport.

1. Each Contracting Party reserves the right to refuse the entry into, or shorten the stay in its territory, of any citizen of the other Contracting Party, whom it may consider undesirable.
2. If a citizen of one Contracting Party loses his/her passport in the territory of the other Contracting Party, he/she shall inform the authorities concerned of the host country for appropriate action. The diplomatic Mission or Consulate concerned will issue a new passport or travel document to its citizen and inform the concerned authorities of the host Government.

Article 4

Applicability of Local/National Laws.

1. Citizens of either Contracting Party, being holders of diplomatic or official passports shall abide by the laws and regulations of the other Contracting Party while crossing its frontier and throughout the duration of their stay in its territory.
2. Nothing in the Agreement shall be construed as affecting the rights and obligations set out in the Vienna Convention on Diplomatic Relations of 18 April, 1961 or the Vienna Convention on Consular Relations of 24 April, 1963.

Article 5

Passports Validity.

The duration of diplomatic and official passports of nationals of either Party shall be valid for at least 6 (Six) months on the date of entry into the territory of the country of the other party.

Article 6

Travel Documents.

1. For the purposes of this Agreement, each Contracting Party shall transmit to the other, through diplomatic channels, specimens of its respective passports, including a detailed description of such documents currently used, at least thirty (30) days before the entry into force of this Agreement.
2. Each Contracting Party shall also transmit to the other through diplomatic channels, specimen of its new or modified passports, including a detailed description of such documents, at least thirty (30) days before they are brought into force.

Article 7

Suspension.

Each Contracting Party reserves the right for reasons of security, public order or public health, to suspend temporarily, either in whole or in part, the implementation of this Agreement, which shall take effect immediately after notification has been given to the other Contracting Party through diplomatic channels. The suspension shall not affect the rights of nationals who have already entered the territory of the other Contracting Party.

Article 8

Revision and Amendments.

Either Contracting Party may request in writing, through diplomatic channels, a revision or amendment of the whole or part of this Agreement. Any revision or amendment, which has been

agreed to by the Contracting Parties, shall come into effect on a date to be mutually agreed upon and shall accordingly form part of this Agreement.

Article 9

Dispute Settlement.

Any difference or dispute arising out of the implementation of the provisions of the Agreement shall be settled amicably by consultation or negotiation between the Contracting Parties without reference to any third party or an international tribunal.

Article 10

Entry into Force, Duration and Termination

1. This Agreement shall enter into force on the thirtieth day from the date of the receipt of the later of the two notifications by which the Contracting Parties notify each other that the respective internal legal procedures necessary for that purpose have been completed.
2. This Agreement shall remain in force for an indefinite period and may be terminated by either Contracting Party by a written notification through diplomatic channels, which shall enter into force ninety (90) days after the date of such notification. The termination shall not affect the rights of nationals who have already entered the territory of the other Contracting Party.

IN WITNESS WHEREOF, the undersigned being duly authorised by their respective Governments, have signed the present Agreement.

DONE at Bessastaðir on 10 September 2019 in two(2) originals; in Hindi, Icelandic and English languages, each text being equally authentic. In the event of any divergence of interpretation, the English text shall prevail.

FOR THE GOVERNMENT OF
ICELAND

Guðlaugur Þór Þórðarson

FOR THE GOVERNMENT OF
THE REPUBLIC OF INDIA

Anumula Gitesh Sarma